

## Íþróttá- og tómsundaneftnd - Erinðisbréf

### 1. gr.

Íþróttá- og tómsundaneftnd Hafnarfjarðar er kosin af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og fer með þau íþróttá-, æskulýðs- og tómsundamál sem henni eru falin eins og nánar er kveðið á um í erinðisbréfi þessu. Nefnðin heyrir unðir fræðsluráð.

Íþróttá- og tómsundaneftnd Hafnarfjarðar er skipuð þrem fulltrúum og jafn mörgum til vara. Nefnðin er kosin, til eins árs í senn, á fundi bæjarstjórnar í júní. Á fyrsta fundi nefnðarinnar eftir kosningu hennar fer fram kjör formanns og varaformanns.

### 2. gr.

Formanni og varaformanni fræðsluráðs er heimilt að sitja fundi nefnðarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Formaður Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) á rétt á setu á fundum íþróttá- og tómsundaneftndar, sem áheyrnarfulltrúi, með tillögurétt og málfrelsi.

Fulltrúi Ungmennaráðs Hafnarfjarðar á rétt til setu á fundum íþróttá- og tómsundaneftndar sem áheyrnarfulltrúi með tillögurétt og málfrelsi.

Fulltrúi forelðraráðs á rétt á setu á fundum íþróttá- og tómsundaneftndar, sem áheyrnarfulltrúi, með tillögurétt og málfrelsi.

Nefnðin getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefnðin boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Nefnðarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna, samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að nefnðarmaður lætur af þeim störfum.

### 3. gr.

Ungmennaráð heyrir undir íþróttá- og tómstundanevnd. Ungmennaráð Hafnarfjarðar skilar til íþróttá- og tómstundanevndar fundargerð sinni sem er kynnt á fundum nefndarinnar og hægt er að taka upp mál úr fundargerðinni. Íþróttá- og tómstundafulltrúi leggur ungmennaráði til aðstöðu og starfsmenn til að styðja við starfsemi ráðsins.

### 4. gr

Íþróttá- og tómstundafulltrúi boðar fundi íþróttá- og tómstundanevndar Hafnarfjarðar í samráði við formann nefndarinnar. Hann sér um að íþróttá og tómstundanevnd sé boðuð til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá að minnsta kosti einum sólarhring fyrir fund. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar íþróttá- og tómstundanevndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

Fundur telst lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur nefndarmanna er mættur á fundinn. Íþróttá- og tómstundanevnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundurinn sé lögmætur.

Fulltrúum í íþróttá- og tómstundanevnd er skylt að sækja fundi nefndar nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað. Sé fulltrúi forfallaður um lengri tíma skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföll til formanns.

Íþróttá- og tómstundanevnd heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir eða að jafnaði tvisvar í mánuði. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti nefndarmanna, formaður nefndarinnar, bæjarstjóri eða formaður fræðsluráðs æskir þess.

Fulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af eða þegar til staðar eru aðrar ástæður sem koma fram í 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Fulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarstað við meðferð og afgreiðslu þess. Nefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli nefndarinnar á því.

## 5. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í nefndinni fer samkv. III. kafla samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar og úrskurðar í ágreiningsmálum.

Nefndarfundi skal að jafnaði halda fyrir luktum dyrum.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í íprótta- og tómstundanefnd þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmanna óskar þess

Um mögulega fjarfundi nefndar eiga við leiðbeingar innanríkisráðuneytis um fjarfundi sveitarstjórna nr. 1182 frá árinu 2021, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

## 6. gr.

Hlutverk íprótta- og tómstundanefndar er að fara með og móta málefni íprótta-, tómstunda- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu og vera ráðgefandi fyrir fræðsluráð, bæjarstjórn og önnur ráð um þau mál. Markmið íprótta- og tómstundanefndar er að vinna að eflingu heilbrigðs félagslífs og hollrar íprótta- og tómstundaiðju meðal íbúa í Hafnarfirði og hafa samvinnu við þá aðila, sem að slíkum málum vinna.

Hlutverk og verkefni nefndarinnar eru m.a. :

- Fjalla um rekstur ípróttamannvirkja og tómstundamiðstöðva Hafnarfjarðar og hliðstæðrar starfsemi í eigu, leigu og/eða rekstri bæjarins.
- Fjalla um þann hluta fjárhagsáætlunar bæjarfélagsins sem snýr að málefnum nefndarinnar og vísa þeim til fræðsluráðs.
- Nefndin skal enn fremur fylgjast með því að fjárhagsáætlun sé fylgt og bregðast við með athugasemdum og tillögum til fræðsluráðs.



- Móta stefnu bæjarfélagsins í íþróttá-, æskulýðs- og tómstundamálum.
- Vera fræðsluráði til ráðuneytis um íþróttá-, æskulýðs- og tómstundamál.
- Vera Hafnarfjarðarbæ til ráðuneytis um framkvæmdir og byggingu mannvirkja í þágu íþróttá-, æskulýðs- og tómstundamála.
- Leitast við að ná til þess æskufólks sem sökum áhugaleysis, eða af öðrum orsökum, gefur sig ekki að heilbrigðum viðfangsefnum í tómstundum sínum.
- Taka þátt í forvarnarstarfi á vegum sveitarfélagsins og annarra aðila.
- Gera tillögur til fræðsluráðs um starfsreglur fyrir þær stofnanir sem nefndin hefur umsjón með.
- Gera tillögur um styrkveitingar til einstakra verkefna, félaga, deilda eða einstaklinga á grundvelli sérstaks umboðs sem fræðsluráð veitir hverju sinni og heimildir eru fyrir í fjárhagsáætlun.
- Fylgjast með starfi og rekstri viðkomandi íþróttá- og tómstundafélaga sem njóta þjónustu- og rekstrarstyrkja úr bæjarsjóði.
- Gera tillögur til fræðsluráðs um gjaldskrár stofnana.
- Hafa forgöngu um könnun á húsnæðisþörf til íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og stuðla að aukinni fjölbreytni í þessum málum fyrir bæjarbúa.
- Vera tengiliður við félagasamtök er vinna að þessum málum og leitast við að samræma störf þeirra á þann veg að óeðlileg samkeppni skapist ekki.
- Efla íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarf í Hafnarfirði og hafa um það samstarf við félög og aðila sem starfa á því sviði.
- Umsjón með 17. júní hátíðarhöldum í Hafnarfirði.
- Umsjón með sumarstarfi fyrir börn og unglunga í Hafnarfirði. Um er að ræða leikjanámskeið, rekstur vinnuskóla, gæsluvalla, matjurtagarða og annarra sambærilegra verkefna.



- Fara að öðru leyti með verkefni á sviði íþróttá-, æskulýðs- og tómstundamála sem nefndinni eru falin af fræðsluráði og bæjarstjórn eða samkvæmt lögum eins og frístundaakstur og frístundastyrk.

### 7. gr.

Íþróttá- og tómstundanevnd setur fram, ef ástæða er til, ábendingar um ný rekstrar- og framkvæmdarverkefni á sínu sviði og skal fá til umsagnar við gerð fjárhagsáætlunar tillögur um allar stærri framkvæmdir sem tengjast verksviði hennar.

### 8. gr.

Fundargerðir íþróttá- og tómstundanevndar skulu teknar á dagskrá fræðsluráðs og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar fræðsluráðs, þá eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar fræðsluráðs ber að taka þær sérstaklega fyrir og taka þær formlega gildi við staðfestingu fræðsluráðs nema að þær séu þess eðlis að fræðsluráð vísi þeim til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn eða bæjarráði.

Fundargerðir íþróttá- og tómstundanevndar skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar.

### 9. gr.

Íþróttá- og tómstundafulltrúi starfar með íþróttá- og tómstundanevnd og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Hann undirbýr og situr fundi nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

### 10. gr.

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskra þær skv. leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga og



Ákvæðum samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið.

### 11. gr.

Ávallt skulu liggja fyrir sem gleggstar upplýsingar um íprótta-, æskulýðs- og tómstundamál í Hafnarfirði, þannig að veita megi íbúum sveitarfélagsins upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er á vegum bæjarfélagsins og annarra aðila.

### 12. gr.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

### 13. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og gildandi samþykkt um stjórn Hafnarfjarðar-kaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í fræðsluráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar og tekur þá þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi fyrra erindisbréf frá árinu 2012.

Janúar 2023

---

Rósa Guðbjartsdóttir  
bæjarstjóri